

fermdur 15 ára gamall í Prestshólakirkju, og þegar þar eptir var leitað vottorðs úr viðkomandi kirkjubók um þetta, sýndi hún, að Einar væri fermdur árið 1860 «á 16 aldursári»; um fæðingarstað Einars inniheldur Prestshólakirkjubók enga skýrslu, þar á móti er þess getið við ferminguna, að hann sje fæddur 22. febr. 1844. Þessar skýringar lágu fyrir, þegar hinn áfrýjaði amtsúrskurður var kveðinn upp, og er áfrýjun Svalbarðshrepps einkum byggð á, að úrskurðurinn komi í bága við það, sem sannað sje um, að foreldrar Einars fyrst hafi flutzt inn í Svalbarðshrepp 1844, þar sem hins vegar Einar sjálfur hafi skýrt frá, að hann hafi verið fæddur sumarið 1843 og kirkjubókarvottorðið frá Presthólum segir hann fæddan veturinn 1843—44.

Hvað nú fyrst kirkjubókarvottorð þetta snertir, þá hefir prestur sá, sem 1860 var á Prestshólum, nú skýrt frá, að hann þori ekki að fullyrða, að hann hafi haft fyrir sjer vottorð hlutaðeiganda prests eða aðra áreiðanlegu vissu, þegar hann tilfærði í kirkjubókinni fæðingardag Einars, og að sig «minni fastlega, að Einar sje í Hvappi fæddur». En í sambandi hjer við verður að gæta þess, að tjeð fermingavottorð virðist sjálfu sjer ósamkvæmt, þegar það segir Einar fermdan 1860 á 16. aldursári en fæddan 22. febr. 1844, því hefði hann verið fæddur þenna dag, hlyti hann að hafa verið kominn á 17. aldurs ár, þegar hann fermdist voríð 1860.

Fermingarvottorðið virðist því í rauninni með skýrslu sinni um, að Einar hafi verið fermdur á 16. aldursári 1860, að sanna, að hann hafi verið fæddur einhverju tíma á árinu 1844 eptir hinn venjulega fermingartíma, og kemur þetta vel heim við framburð Einars um að vera fæddur í 13. viku sumars, og með því nú að Einar undir nýju rjettarhaldi í málinu hefir skýrt frá, að hann í rauninni sje fæddur 1844, og að hann muni áður af vangætni hafa sagt sig einu ári eldri, en hann í raun og veru er, virðast nú allar skýrslur málsins að koma heim við framburð Einars sjálfs um, að hann sje fæddur í Svalbarðshreppi.

Samkvæmt því sem þannig er sagt, og með því ekkert hefir komið fram um, að opt nefndur Einar hafi áunnið sjer sveit fyrir utan fæðingarhrepp sinn, skal úrskurður sá, er þjer, herra amtmaður, hafið lagt á málið, óraskaður standa.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um verðlagsskrá.* — Út af ályktun neðri deildar alþingis þar sem skorað er á landshöfðingja að hlutast til um, að hjer eptir verði aðskilin verðlagsskráin fyrir Skaptafells-sýslu, þannig að eystri sýslan hafi verðlagsskrá út af fyrir sig, og hin vestari aðra fyrir sig (sbr. alþingistíðindi 1879 I bls. 21), vil jeg hjer með þjónustusamlega fela stiptsyfirvöldunum úrlausn þessa máls samkvæmt því, sem fyrirskipað er í konungsúrskurði 16. júlí 1817.

— *Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um gjalddaga heytolls.* — Í brjefi frá 9. f. m. hafa stiptsyfirvöldin sagt mjer álit sitt um fyrirspurn prestsins á Vestmannaeyjum, hvort honum samkvæmt lögum 14. des. 1877 um skattgjöld á Vestmannaeyjum beri heytollur frá 1. janúar þ. á., og sje ekki svo, hvort honum þá beri uppþót úr landssjóði.

Þjer takið fram, að samkvæmt hinum almennu reglum um greiðslu heytolla sje gjalddagi þessa gjalds á haustin, þegar lömb almennt eru rekin í fóður, og geti samkvæmt lögum frá 14. des. 1877 Vestmannaeyingum því varla borið nein skylda til að